



## Jón Sveinsson, vegna umskóknar um skattstjórástöðu 3 október 1940

---

Bjarni Benediktsson – Jón Sveinsson, vegna umskóknar um skattstjórástöðu 3 október 1940

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

p.t. Reykjavík, 22. apríl 1940

Meðal annars í framhaldi af bréfi mínu og skýrslu, dags. 25. nóv. 1937, til miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, sendi ég miðstjórninni þetta bréf.

Þegar hr. alþingismaður Sigurður Hlíðar kom heim af Alþingi í árslok 1937, kallaði hann mig fyrir sig og færði mér þau skilaboð frá formanni Sjálfstæðisflokksins, núverandi atvinnumálaráðherra Ólafi Thors, að mér mundi verða veitt á næstunni bæjarfógetaembættið á Akureyri. Bæjarfógeti Sigurður Eggerz mundi segja af sér, en líkur væri til, að sjálfstæðismenn myndu brátt fá þau áhrif í stjórn landsins, að hægt væri að tryggja mér veitingu fyrir embættinu þegar það losnaði. Ég lét mér þetta vel líka og fannst þá sem bæði formaður Sjálfstæðisflokksins og miðstjórnin myndu vilja mér allt vel, og við þau loforð ætti að standa, sem mér höfðu verið gefin.

Eins og kunnugt er, fóru þá almennar bæjarstjórnarkosningar í hönd um land allt. Ég afréð þá að reyna að stuðla að því, að sjálfstæðismenn næðu sem mestum sigri í kosningunum á Akureyri, og gekkst ég fyrir að sameina þar öll þau öfl undir merki sjálfstæðismanna, sem andstæð voru stefnu Framsóknar og Sócialista. Sjálfur ætlaði ég að draga mig til baka sem bæjarfulltrúaeefni, en það fékkst ekki. Bæjarstjórnarkosningarnar á Akureyri fóru eins og þar fóru, og misklíð sú og sundrung, sem þar myndaðist milli okkar sjálfstæðismanna upp úr kosningunum, er alkunn, en svo að miðstjórnin geti betur rannsakað og kynnt sér það mál allt, lat ég hér með fylgja eftirtalin blöð, sem birta þau skrif á milli



mín og annarra sjálfstæðismanna, sem ágreiningur varð á milli:

Blaðið "Íslendingur" Nr.9,10,11,12,50 og 53 frá árinu 1938.  
Blaðið "Alþýðumaðurinn" Nr.19, 12.apríl 1938, ásamt þrem yfirlýsingum í frumriti.

Afleiðingarnar af kosningaóheilindunum urðu þær, að sjálfstæðismenn á Akureyri klofnuðu og hafa hett að vinna saman, enda hefir margt og mikið borið á milli.

Upp úr kosningunum gengust margir málsmetandi menn fyrir stofnun stjórn mála- og bæjarmálefnafélags, sem nefnist "Skjaldborg", og er því ekki að leyndu, að nærri undantekningarlaust voru það menn, sem töldust til Sjálfstæðisflokksins, en sem fannst þeir eigi geta unnið lengur í félagsskap með þeim, sem sýnt höfðu óheilindin í bæjarstjórnarkosningunum, og sem þeir á ýmsa aðra lund töldu orðið hugdeiga í aðalstefnumálum flokksins og jafnvel ýmsa þeirra öðrum stjórn mála flokkum háða.

Þessu til skýringar lét ég fylgja eftirrit af nokkrum spurningum, sem Sjálfstæðisfélag Akureyrar bað félagið "Skjaldborg" að svara, og svör félagsins við þeim spurningum, dags.8.febr.1939.

Úr því sem komið er, þýðir ekki að rífast um orðinn hlut, en það er ósk mín og krafa, að miðstjórn Sjálfstæðisflokksins vilji fela þremur málsmetandi mönnum að rannsaka allt þetta mál, og að rannsókn lokinni, að reyna að koma á sáttum meðal sjálfstæðismanna á Akureyri. Í slíka nefnd sting ég upp á þeim: alþingismanni Árna Jónssyni frá Múla, prófessor Bjarna Benediktssyni og alþingismanni ~~Síðis~~ og sýslumanni Gísla Sveinssyni. Og hvað mig persónulega snertir skal ég láta niður falla það, sem flokksbræður mínir hafa gert mér á móti, ef hægt væri að koma sáttum á og sameina flokkinn á ný. En gaman þætti mér að vita, af hvaða



sökum hinir mestráðandi menn í Sjálfstæðisfélagi Akureyrar og bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt jafn mikið kapp á og þeir hafa gert að koma mér út úr nærri öllum þeim nefndum, sem ég hefði setið í áður, svo sem stjórn blaðsins "Íslendingur", Mjólkursöflunefnd, Sjúkrasamlagsstjórn, Niðurjöfnunarnefnd, Skattmatsnefnd o.fl. En sérstaklega geri ég kröfu þó kröfu til að rannsakaðar séu þær aðdróttanir hr. Indriða Helgasonar í minn garð í blaðinu "Íslendingur" Nr.15 frá 1938, þar sem hann vill halda því fram, að ég hafi við hvert tækifæri "torveldað" kosningar Sjálfstæðisflokksins á Akureyri, en ég tel mig algerlega hafa gert hið mótsetta.

Reglulegar Alþingiskosningar eiga í síðasta lagi að fara fram sumarið 1941 og gæti vitanlega svo orðið, að þær færu fram fyrri, en því er ekki að leyndu, að því aðeins heldur Sjálfstæðisflokkurinn Akureyrarkjördæmi við næstu Alþingiskosningar, að sjálfstæðismenn þar standi eindregið saman, og ef þeir gera það, og öll einlægni verður við höfð, þá vinna þeir kjördæmið, en eigi sundrunin að halda áfram, er kjördæmið tapað, og sömuleiðis tapað fyrir bæjarstjórnarkosningar.

Það er vitanlegt, að framsóknarmenn leggja nú afar mikla áherzlu á að vinna Akureyri í næstu Alþingiskosningum, og sömuleiðis að verða þar alráðandi í bæjarmálefnum. Um það hafa þeir þegar gert heitstrengingar og eru farnir að beita lúalegum bardagaáferðum til að ná slíkum árangri. Þeirra heitasta ósk er að sjálfstæðismenn haldi áfram að vera klofnir á Akureyri.

Bréfi þessu fylgir samrit af bréfi mínu til flokksstjórnarinnar, dags. 25. nóv. 1937.

Virðingarfyllt  
Jón Sveinsson (sign)

Til Miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, R e y k j a v í k



3.okt. 1940

Með tilvitnun til umsóknar minnar um skattstjórnastöðu á Akureyri vil ég biðja hið háa ráðuneyti að láta mig vita hið bráðasta, hvort það treystist til að veita mér stöðuna.

Af ýmsum ástæðum kemur það sér mjög bagalega fyrir mig að fá ekki að vita af eða á í þessu efni.

Virðingarfyllst

Jón Sveinsson

(sign)

Til Fjármálaráðuneytisins

R e y k j a v í k



## TRÚNAÐARMÁL.

p.t. Reykjavík, 25.nóv.1937

Með línunum þessum vil ég rifja upp samtali og samkomulag, sem átt hefi sért stað milli mín og formanna Sjálfstæðisflokksins að undanfögnu, og ýmislegan aðdraganda að því.

Árið 1919 var ég kjörinn bæjarstjóri á Akureyri af bæjarstjórninni, og síðan endurkosinn 1922 og aftur 1925, í eitt skiftið með öllum atkvæðum og í öll skiftin með atkvæðum hins svonefnda "borgaraflokks", íhaldsflokks, eða með öðrum orðum Sjálfstæðismanna

Árið 1928 voru í gildi gengin ný lög um kosningu bæjarstjóra með beinni atkvæðagreiðslu borgaranna.

Það ár fór fram bæjarstjórakosning á Akureyri, og var ég í kjöri með stuðningi sjálfstæðismanna, en Jón Steingrímsson, síðar sýslumaður, var í boði af hálfu Framsóknar- og Verkamannaflokksins. Eg hlaut kosningu með 812 atkvæðum gegn 393.

Árið 1931 fór bæjarstjórakosning næst fram, og þá með hinni fyrri aðferð, að bæjarstjórnin sjálf kaus bæjarstjóra. Var ég þá enn endurkosinn með fylgi Sjálfstæðismanna og hlutleysi Framsóknarmanna.

Loks fór bæjarstjórakosning fram 1934.

Árið áður höfðu kosningar farið fram til Alþingis og bauð ég mig þá fram í Norður-Múlasýslu af hálfu Sjálfstæðismanna, fyrir áeggjan Jóns Þorlákssonar, formanns flokksins.

Afleiðing varð sú, að mótstöðumenn Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn snerust eindregið gegn mér, og vissi ég þegar, að þeir mundu ekki ljá mér atkvæði við bæjarstjórakjör að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum, þá í ársbyrjun. Þá var horfið að því ráði af mér og mínum fylgismönnum- og með góðu samkomulagi við Sjálfstæðisfélagið í bænum-, að Sjálfstæðismenn skyldu hafa tvo lista í kjöri við bæjarstjórnarkosningarnar, þar sem annar listinn væri borinn fram af Sjálfstæðisfélaginu, en hinn af fylgismönnum mínum



með mér sem efsta manni. Hugðum við með þessu móti að geta unnið á um eitt sæti í bæjarstjórninni og fengið fimm menn kjörna, en Sjálfstæðismenn áttu ekki nema fjóra áður.

Þetta tókst. Listi Sjálfstæðisfélagsins fékk 410 atkvæði og þrjú fulltrúa kosna, en minn listi fékk 367 atkvæði og tvo fulltrúa. Framsókn fékk tvo fulltrúa, eða réttara sagt þrjú, ef með er talinn fulltrúi, sem komst að á svonefndum iðnaðarmanna- lista. Kommúnistar fengu tvo og Alþýðuflokksmenn einn.

Að kosningu lokinni var fengin vissá fyrir því, að fulltrúi Alþýðuflokksins mundi fylgja mér til bæjarstjórakjörs, og þar sem Sjálfstæðismenn á sínum tveimur listum höfðu fengið fimm fulltrúa kjörna var endurkosning mín tryggð.

En þrem - fjórum kvöldum áður en bæjarstjórakosningin skyldi fram fara, komu hinir nýkjörnu fulltrúar Sjálfstæðisfélagsins til mín og þess fulltrúa, sem kosinn hafði verið með mér á mínum lista, og tilkynntu okkur, að þeir ætluðu að kjósa bæjarstjóra í félagi við Framsókn og kommúnista.

Þetta kom mjög flatt upp á mig, því að í kosningabaráttunni kom ekkert fram, sem gefið gæti kjósendum ástæðu til að ímynda sér, að fulltrúar Sjálfstæðisfélagsins ætluðu að bregðast mér við bæjarstjórakjörið, enda má fullyrða, að fylgi þess lista hefði orðið allt annað og minna, ef kjósendur hefðu vitað, að fram- bjóðendur hans ætluðu að ganga gegn mér við bæjarstjórakjörið. Því til stuðnings má benda á, að eftir að það kvisaðist, að hinir þrír Sjálfstæðismenn ætluðu að ganga á móti mér, tóku hátt á 9. hundrað kjósendur sig saman og skoruðu skriflega á bæjar- stjórnina að veita mér bæjarstjórarastöðuna áfram. Þó fór bæjar- stjórakosningin þannig, að ég fékk aðeins þrjú atkvæði, en Steinn Steinsen, verkfræðingur, 7 (einn seðill var auður, annars kommún- istans).

Ég fékk að halda mínum launum í næstu fjóra mánuði, sem eftir var af samningsbundnum ráðningartíma mínum, en stöðu minni varð



ég að sleppa þegar í stað. Eftirlaun voru mér engin boðin né nokkurskonar lífeyristrygging fyrir mig eða konu mína, ef ég kynni að falla frá, enda það ég heldur ekki um slíkt.

Má benda á, að öðruvísi fórst Sjálfstæðismönnum í bæjarstjórn Reykjavíkur við Knud Zimsen borgarstjóra þá er hann lét af embætti eftir 18 ára starf, en ég hafði verið næstum eins lengi bæjarstjóri á Akureyri, óslitið í 15 ár.

Ég varð þess þó þegar margsinnis var, að ýmsum mætum mönnum í Sjálfstæðisflokknum þótti ómaklega með mig farið; þar á meðal var formaður flokksins, Jón Þorláksson, sem þá eitt sinn sagði í mín eyru, að fyrir þetta skyldi Sjálfstæðisflokkurinn bæta, er hann fengi bolmagn til þess.

Stóð ég þá uppi efna- og atvinnulaus.

Vorið 1934 áttu að fara fram Alþingiskosningar, og skoruðu þá fylgismenn mínir frá bæjarstjórnarkosningunum um veturinn eindregið á mig að vera í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Akureyri. En félagar Sjálfstæðisfélagsins gátu ekki komið sér saman um það. Meiri hlutinn vildi fylgja þingmanni kaupstaðarins, Guðbr. Ísberg, áfram, en mínir menn stóðu fast um mig og voru þá viðsjár miklar. Leit þá helst út fyrir að Sjálfstæðismenn á Akureyri myndu ganga klofnir til kosninganna. Það sauð í þeim mönnum, sem mér fylgdu, vegna úrslitanna um veturinn um bæjarstjórakjörið.

Settir komust þó á í málinu milli mín og miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins á þann hátt, að ég dró mig til baka og lofaði að styðja að kosningu Guðbrandar Ísbergs, sem ég eindregið gerði. En miðstjórnin hét því í staðinn, að ég skyldi fá gott embætti að kosningum loknum, ef Sjálfstæðisflokkurinn kæmist í stjórnar- aðstöðu, sem þá var fastlega búist við. Samt tók ég þann fyrirvara, að bæjarfógetaembættinu á Ísafirði, sem þá var laust, yrði ekki ráðstafað fyr en að kosningum loknum, og lofaði Magnús Guðmundsson, sem þá var dómsmálaráðherra, að svo skyldi gert, án þess þó að hann gæfi mér nokkurt fyrirheit um embættið.

Kosningarnar fóru þannig, að Sjálfstæðismenn urðu í minnihluta á Alþingi og fengu enga íhlutun um stjórn landsins. Magnús Guðmundsson veitti bæjarfógetaembættið á Ísafirði áður en hann lét af stjórn. Embættinu var ekki slegið upp, og ungnum lögfræðingi var veitt það, en ég kom þar ekki til greina, enda þótt svo væri komið, að Sjálfstæðisflokkurinn hafði tapað kosningunum og gat ekki staðið við loforðið gagnvart mér með öðru móti en því að veita mér einmitt þetta embætti, þar eð yfir öðru réði hann ekki.



Þegar útséð var um, að ég fengi fast embætti, sem mér líkaði, tók ég að leggja fyrir mig málfærslustörf á Akureyri, og hefi ég fengist við þau síðan. Mér hafa fallið þau störf að mörgu leyti illa, og ekki síst þar sem þau eru aðallega fólgin í innheimtu skulda. Sem bæjarstjóri hafði ég áður reynt að finna úrræði til bjargar fátaku og skuldugu fólki, og þótt ég segi sjálfur frá, hlotið vinsældir af, en nú var mitt hlutskifti orðið það, að þína greiðslur út úr því sama fólki, og ganga hart eftir.

Síðastliðið vor áttu Alþingiskosningar enn á ný að fara fram. Margir gamlir fylgendur mínir skoruðu á mig að vera í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Akureyri. Ég vildi verða við þeirri áskorun og bar margt til þess. Ég hefi ávalt haft mikinn áhuga fyrir stjórnámálum. Ég var í gamla Sjálfstæðisflokknum og á háskólaárum mínum í miðstjórn hans. Árið 1923 var ég í kjöri fyrir í Norður-Múlasýslu fyrir Borgaraflokkinn ásamt Birni Hallssyni á Rangá, en á síðustu stundá bauð mig þriðji maður sig einnig fram fyrir flokkinn, Árni Jónsson frá Múla. Úrslitin urðu þau, að Árni komst að og annar Framsóknarmaðurinn, sem var í kjöri.

Árið 1927 bauð ég mig aftur fram í Norður-Múlasýslu og þá fyrir frjálslynda flokkinn, ásamt Jóni Jónssyni á Hvanná. Við féllum báðir, og enn fremur báðir frambjóðendur íhaldsflokksins, en Framsóknarmenn voru kosnir.

Árið 1933 bauð ég mig fram í þriðja sinn og þá fyrir núverandi Sjálfstæðisflokk, eins og fyrr greinir.

Veturinn 1924-1925 dvaldi ég á Norðurlöndum, aðallega í Kaupmannahöfn. Til fararinnar fékk ég styrk úr Sáttmálasjóði Háskóla Íslands og Háskólans í Kaupmannahöfn, og einnig veitti þáverandi ráðherra, Magnús Guðmundsson, mér styrk úr ríkissjóði. Ég kynnti mér stjórn sveitarfélaga og lagði jafnframt stund á öll skattamál. Tel ég mig öllum þessum málum vel kunnugan.

Meðan ég var bæjarstjóri á Akureyri vildi ég aldrei vera þar í kjöri til Alþingiskosninga. En eftir að ég lét af því starfi, fannst mér ég ekki síður fallinn til þess en margur annar, og því ákvað ég á síðastliðnu vorí að verða í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Akureyri.

En sagan endurtók sig. Það var sýnilegt að samkomulag um frambjóðanda gat eigi náðst innan vébanda Sjálfstæðisfélagsins á staðnum, og enn voru viðsjár með Sjálfstæðiskjösendum í bönnum. Menn greindi á um frambjóðendaeefni og til vandræða horfði því með sigurvegleg kosningaúrslit fyrir Sjálfstæðisflokkinn.



Það var því tekið til ráðs að biðja formann Sjálfstæðisflokksins, Ólaf Thors, að koma norður til þess að jafna mismiklðina.

Niðurstaðan varð sú, að ég dró mig enn á ný til baka, og fékk til þess samþykki minna einlægustu fylgismanna. Jafnframt undirgengumst við að fylgja þeim frambjóðanda flokksins eindregið til kosninga, sem mest fylgi fengi innan Sjálfstæðisfélagsins við prófkosningu- þótt fámennnt væri, en áður hafði ég, eins og 1934, tilkynnt, að ég hlýtti ekki annarri prófkosningu en þeirri sem Sjálfstæðiskjösendur yfirleitt í þænum fengi að taka þátt í.

Á mótinu kom, að formaður flokksins, Ólafur Thors, hét mér því eindregið, að svo fljótt sem flokkurinn fengi aðstæðu til, yrði mér veitt gott embætti eins og mér var lofað 1934, og var þar til nefnt t. d. bæjarfógetaembættið á Akureyri, ef það losnaði, eða bankastjórnastada í Reykjavík, eða þá eitthvað annað gott embætti, sem mér líkaði og ég teldi við mitt hæfi. Þetta lét ég mér líka, bæði sakir þess, hversu mál illa mér falla þau störf, sem ég verð nú að setta mig við að hafa til þess að geta séð mér fjárhagslega farborða, og enn fremur svo að byggt yrði fyrir, að kosningu Sjálfstæðisflokksins á Akureyri yrði stefnt í óefni með því að fleiri en einn frambjóðandi yrði í kjöri fyrir flokkinn eða mögnum óeining innan hans næði að spilla fyrir sigurvænlegum kosninguúrslitum.

En jafnframt því sem ég rifja nú allt þetta upp og sendi þessa skýrslu til miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, yrði það mjög á mótinu von minni og því trausti, sem ég ber til hennar og ráðandi manna flokksins, ef svo færi, að við þau loforð, sem mér hafa verið gefin, yrði hvorki beint né óbeint staðið, þá er miðstjórnin fær aðstæðu til að uppfylla þau.

Ég veit vel, að sem stendur hefir Sjálfstæðisflokkurinn ekki aðstæðu til að geta veitt mér neitt embætti, en til bráðabirgða og með tilliti til gefinna loforða fer ég þess á leit við Sjálfstæðisflokkinn á Alþingi, að hann kjósi mig í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, ef sú breyting á stjórn þeirra nær fram að ganga, að fimm manna stjórn, kosin hlutbundnum kosningum á Alþingi, verði sett yfir verksmiðjurnar, og Sjálfstæðisflokkurinn ráði kosningu tveggja stjórnendanna.

Virðingarfyllt  
Jón Sveinsson

(sign)

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins      R e y k j a v í k